**Sþ. 1032. Þingsályktun [260. mál]**

um veðurfregnir.

(Afgreidd frá Sþ. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra, sem fer með yfirstjórn Veðurstofu Íslands, að láta kanna hvernig unnt sé að bæta tæknibúnað Veðurstofunnar og aðstöðu til öflunar og úrvinnslu veðurathugana svo og hvernig útvarpi veðurfregna og sérstakra aðvarana verði best hagað til öryggis og hags fyrir landsmenn alla.